

Stjórnarfundur 12.05.2026

Stjórnarfundur FebSel haldinn að Skólabraut 5 kl. 16.30-17.50. Fundinn sátu Sigríður Ólafsdóttir, Sigurður Hannesson, Margrét Albertsdóttir, Guðríður Þorsteinsdóttir og Stefán Bergmann. Anna Kristín Kristinsdóttir boðaði forföll og Aðalbjörg Finnbogadóttir skömmu fyrir fund.

Á dagskrá:

1. Landsfundur

Sigríður formaður kynnti nýafstaðinn landssfund FEB, sem 181 fulltrúi sótti fyrir félög eldri borgara. Hún hrósaði góðu skipulagi fundarins, mikilli virkni samtakanna og áherslum í starfi þeirra að undanfögnu, m.a. mikilvægri **áherslu á hóp þeirra verst settu** um 12000 manns, er búa við þröngan kost og skilyrði. Virkni samtakanna beinist nú m.a. að húsnaðismálum eldri borgara og fasteignasköttum þeirra.

2. Félagsstarfið

1. Formaður rakti stöðu okkar mála hér á Nesinu. Nokkur biðstaða er nú fyrst eftir bæjarstjórnarkosningar, en málin bíða og samstarfið við bæjarstjórn þar með **samráðsvettvangur okkar og bæjarstjórnar, öldungaráð** Seltjarnarnesbæjar. Lýst var jákvæðum skrefum og virkni á síðasta ári þegar til varð Teymi aðila um málefni aldraðra, þar sem FebSel á 2 fulltrúa. Vinna þarf skipulega til að koma málum áfram og nú að hvetja nýja bæjarstjórn til að nýta öldungaráðið og samstarfið við Teymið um málefni aldraðra.

2. Formaður rakti aðdraganda aukins samstarfs undanfarin misseri við íþróttafélagið Gróttu og fleiri um skipulega líkamsrækt og bindur góðar vonir við starfið. Ýmsir aðilar koma þar til samstarfs í stefnumótun og í verki í þágu eldri borgara og samfélagsins. Gönguhópur FebSEL stendur vel og og nýtur stuðnings Gróttu, þátttakendum fjölgar. Bent var á að hugmynd hefur komið upp í gönguhópnum um að **hafa val um lengri og styttri gönguleið** og tekur stjórnin vel í slíkar hugmyndir og hvetur til frekari útfærslu.

Fleira ekki gert. Stefán Bergmann skráði.